

Fundargerð

Fundur í skólaráði 24. Mars 2011 kl. 15.00

Mættir voru: Björg, Gunnar, Dagbjört Lína, Helga María, Helga Ingibjörg, Daniel Kristinn, Herdís og Anna sem ritaði fundinn.

1. Pisakönnun: Niðurstöður Pisakönnunar kynntar og skólinn kom út um og yfir landsmeðaltali í íslensku, ensku og náttúrufræði
2. Skólamálahópur: Starf skólamálahóps Grundarfjarðar kynnt. Hópurinn samanstendur af fulltrúum meiri- og minnihluta ásamt bæjarstjóra. Í hópnum eru Ásthildur Erlingsdóttir, Sigurborg Hannesdóttir, Þórður Magnússon og bæjarstjóri, Björn Steinar Pálmason. Hópnum falið að fjalla um skólamál í bæjarfélaginu, hugsanlegt samstarf, faglega vinnu en með sparnað og hagræðingu í huga. Skólatjórum var falið að funda sín á milli um málið.
3. Mat á skólastarfi, staða: Farið yfir stöðuna í mati á skólastarfi í grunnskólanum. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr könnunum og unnar aðgerðaráætlanir sem verður hrint í framkvæmd í vor og haust.
4. Heimasíða skólans: Ný og endurbætt heimasíða skólans kynnt. Ný slóð er grundo.is
5. Metnaður: Almennar umræður um metnað í skólastarfi, hvernig hægt sé að efla metnað í samfélaginu fyrir námi og skólastarfi. Hvað höfum við gert til að efla metnað, hvert stefnum við og hvaða leiðir viljum við fara í þessum efnum. Lagt til að boðaður verði fundur með skólaráði, skólanefnd, fulltrúum foreldrafélags, fulltrúum bæjarstjórnar og skólastjóra þar sem farið verður yfir ofangreinda punkta og mótuð stefna.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.00

Anna Bergsdóttir, fundarritari.